



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 8. ágúst 2019

1908008SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um mál S-195/2019 - Tillögur til að bregðast við húsnæðisvanda á landsbyggðinni

Í samráðsgátt Stjórnarráðsins eru nú til kynningar tillögur sem eru settar fram í þessum liðum og snúa að stofnkostnaði íbúðabygginga, fjármögnun þeirra og leiðum til þess að efla leigumarkað.

Almennt

Ágætt samstarf hefur verið milli ráðuneytisins, Íbúðalánasjóðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fleiri haghafa um mótun þessara tillagna. Tillögurnar eru jafnframt í ágætu samræmi við tillögur átakshóps um aðgerðir í húsnæðismálum og byggðaaáætlun 2018-2022, þar sem m.a. er lögð áhersla á að fjölga íbúðum á svæðum þar sem eru sóknarfæri til þess að rjúfa stöðnun í atvinnumálum en skortur á hentugu íbúðarhúsnæði hamlar uppbyggingu.

Heilt á litið eru þær tillögur sem nú eru kynntar í góðu samræmi við áherslur í stefnumörkun sambandsins 2018-2022, þar sem m.a. segir:

- Sambandið leggur áherslu á jafnt aðgengi landsmanna, óháð búsetu, að húsnæðislánum á viðráðanlegum kjörum. Íbúðalánasjóður fái skilgreint hlutverk varðandi viðbrögð á svæðum þar sem brestur er á slíku aðgengi. (3.3.25)
- Sambandið kalli eftir lagabreytingum til þess að styðja við aðgerðir byggðaaáætlunar í húsnæðismálum. Veitt verði viðbótarstofnframlög vegna almennra íbúða (félagslegs leiguhúsnæðis) á vaxtarsvæðum til að bregðast við húsnæðiseklu, sem endurspeglir raunverulegt misgengi í byggingarkostnaði og verðmæti fasteigna. (3.3.28)

Sambandið telur þó tilefni til að benda á að í tillögunum er ekki vikið að takmörkunum á skammtímaleiguhúsnæði til ferðamanna, sem getur haft neikvæð áhrif á húsnæðismarkað, ekki síst á landsbyggðinni. Í stefnumörkun sambandsins er kallað eftir því að horft verði til styttingar leigutíma, aukins eftirlits og virkni þvingunarúrræða (3.3.29). Sambandið er hins vegar meðvitað um að löggjöf um gististaði er ekki á forræði félagsmálaráðuneytisins og kallar fyrst og fremst eftir því að stefna stjórnvalda í húsnæðismálum verði samræmd.

Enn fremur vísar sambandið til umsagnar dags. 22. maí 2019, um frumvarp um breytingar á lögum um almennar íbúðir, þar sem fjallað er um nánari útfærslu sumra þeirra tillagna sem raktar eru í því skjali sem hér er til umsagnar.

Lokaorð

Af hálfu sambandsins þykir tilefni til þess að hrósa ráðherra og þeim starfsmönnum ráðuneytisins og Íbúðalánasjóðs sem komið hafa að framkvæmd þeirra verkefna sem tíunduð eru í skjalinu. Eðlilegt er að leggja áherslu á að allar tímaáætlanir um innleiðingu þessara tillagna, að meðtöldum laga- og reglugerðabreytingum, standist.

Einnig er tilefni til þess að hvetja ráðherra til að leggja sem fyrst fram tillögur um stuðning við fyrstu íbúðakaup. Æskilegt væri að fyrirhugaðar breytingar á húsnæðislöggjöf hljóti samþykki á komandi haustþingi.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri